

68. ÁRSPING HSI

Grand hótél

Laugardaginn 5. apríl 2024





Handknattleikssamband Íslands
Icelandic Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049



Reykjavík 27.02.2025

Til allra aðildarfélaga HSÍ og allra þeirra aðila sem málið varðar.

ÁRSPING HSÍ 2024

67. ársþing Handknattleikssambands Íslands verður haldið laugardaginn 5. apríl 2025 á Grandhótel, nánar tiltekið Háteigi.

Skráning þingfulltrúa hefst kl.9:00 og verður þingsetning sama dag kl. 10:00.

Kjörbréf og upplýsingar um fjölda fulltrúa verða send út með seinni boðun þings.

Tilkynning um framboð til embættis stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstinningarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðilarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Bestu kveðjur,

Handknattleikssamband Íslands



68. Ársþing HSÍ

Grand Hótel – Laugardagurinn 5. apríl 2025

Dagskrá:

- | | |
|------------------|--|
| kl. 09:00 | Skráning þingfulltrúa |
| kl. 10:00 | Þingsetning |
| | 1. þingsetning |
| | 2. kosning þingforseta og varaþingforseta |
| | 3. staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög |
| | 4. kosning þingritara og varaþingritara |
| | 5. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd |
| | 6. þinggerð síðasta árs lögð fram |
| | 7. ávörp gesta |
| | 8. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt |
| | 9. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins |
| | 10. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar |
| | 11. gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ |
| | 12. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis |
| | 13. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talið þátttökugjöld, fyrir næsta starfsár |
| | 14. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu |
| | 15. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar |
| kl.: 11:15 | Þinghlé |
| kl. 11.15- 12:00 | Þingnefndir starfa |
| kl. 12:00 | Þingstörf hefjast |
| | 16. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær |
| | 17. önnur mál |
| | 18. kosning stjórnar |
| | 19. kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara |
| | 20. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir |
| | 21. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir |
| | 22. kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ |
| | 23. þingslit |



Fulltrúafjöldi hvers félags:

<u>Félag:</u>	<u>Fjöldi Fulltrúa:</u>
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	4
Handknattleiksfélag Kópavogs	4
Hvíti Riddarinn	1
Hörður Ísafirði	4
ÍBV Íþróttafélag	4
Íþróttafélag Reykjavíkur	4
Íþróttafélagið Fylkir	3
Íþróttafélagið Garpur	1
Íþróttafélagið Grótta	4
Íþróttafélagið Mílan	1
Íþróttafélagið Þór	4
Knattspyrnufélag Akureyrar	4
Knattspyrnufélagið Fram	4
Knattspyrnufélagið Hauka	4
Knattspyrnufélagið Valur	4
Knattspyrnufélagið Víkingur	4
Knattspyrnufélagið Þróttur	1
Umf. Selfoss	4
Umf. Stjarnan	4
UMF. Víkingur	1
Ungmennafélagið Afturelding	4
Ungmennafélagið Fjölnir	4
Samtals:	72

Fulltrúafjöldi annarra aðila:

<u>Félag:</u>	<u>Fjöldi Fulltrúa:</u>
HSK	1
HSV	1
ÍBA	1
ÍBH	1
ÍBV	1
UMSK	1
Samtals:	6
<u>Samtals:</u>	<u>78</u>

HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



K J Ö R B R É F

Fulltrúa fyrir: _____
(félag)

Aðalfulltrúar:

Tölupóstur:

Varafulltrúar:

Tölvupóstur:

(Staður og dagsetning)

(Formaður)

Ath Kjörbréfanefndar:

Fjöldi flokka:
Fulltrúafjöldi:

68. ársþing HSÍ



STJÓRN HSI OG SKIPAN NEFNDNA

Stjórn HSI

Guðmundur B. Ólafsson, formaður
Reynir Stefánsson, varaformaður
Sigurborg Kristinsdóttir, gjaldkeri
Guðríður Guðjónsdóttir, landsliðsnefnd kv
Kristín Þórðardóttir, mótanefnd
Inga Lilja Stefánsdóttir, fræðslunefnd
Páll Þórólfsson, landsliðsnefnd ka
Ólafur Örn Haraldsson, dómaranefnd

Varastjórn:

Alfreð Örn Finnsson
Kristján G. Kristjánsson
Ragnar Lárus Kristjánsson

Starfsmenn HSI

Gunnar Magnússon
Herbert Ingi Sigfússon
Kjartan Víðó Ólafsson
Ólafur Víðir Ólafsson
Magnús Kári Jónsson
Róbert Geir Gíslason

Landsliðsþjálfarar

Snorri Steinn Guðjónsson, A-karla
Arnar Pétursson, A-kvenna
Einar Andri Einarsson, U-21 ka
Halldór Jóhann Sigfússon, U-21 ka
Heimir Ríkardsson, U-19 ka
Maksim Akbachev, U-19 ka
Ásgeir Örn Hallgrímsson, U-17 ka
Andri Sigfússon, U-17 ka
Haraldur Þorvarðarson, U-16 ka
Stefán Árnason, U-15 ka
Örn Þrastarson, U-15 ka
Ágúst Þór Jóhannsson, U-19 kv
Árni Stefán Guðjónsson, U-19 kv
Díana Guðjónsdóttir, U-17 kv
Hilmar Guðlaugsson, U-17 kv
Ásdís Sigurðardóttir, U-16 kv
Róbert Árni Guðmundsson, U-16 kv
Sigríður Unnur Jónsdóttir, U-15 kv
Hildur Þorgeirsdóttir, U-15 kv
Jón G. Viggósson, hæfileikamótun

Dómstóll HSI

Grímur Sigurðsson, form.
Bjarki Þór Sveinsson
Sigurður Smári Hilmarsson
Varamenn:
Bergþóra Sigmundsdóttir
Eiríkur Elís Þorláksson
Guðmundur Þór Jónsson

Áfrýjunardómstóll HSI

Gunnar Jónsson
Jóhannes Albert Sævarsson
Þorsteinn Einarsson
Varamenn
Benedikt Bogason
Guðjón Marteinnsson
Vala Valtýsdóttir

Aganefnd HSI

Sverrir Pálmason, formaður
Arnar Kormákur Friðriksson
Ágúst Karl Karlsson

Dómaranefnd HSI

Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Guðjón L. Sigurðsson
Kristján Halldórsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Magnús Kári Jónsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSI
Inga Lilja Lárusdóttir, formaður

Laganefnd HSI

Kristín Einarsdóttir, formaður
Guðmundur Þór Jónsson
Helga Þórðardóttir

Landsliðsnefnd karla

Páll Þórólfsson, formaður
Daði Hafþórsson
Gunnar Andrésson
Markús Máni Michaelsson

Landsliðsnefnd kvenna

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður
Brynja Ingimarsdóttir
Margrét Theódórsdóttir

Mótanefnd HSI

Kristín Þórðardóttir, formaður
Alfreð Örn Finnsson
Ágúst Karl Karlsson
Hjalti Þór Hreinsson
Þórarinn Þórarinnsson

68. ÁRSPING HSÍ



Skýrsla stjórnar HSÍ Þingskjal 1



Skýrsla stjórnar

Síðastliðið starfsár hefur verið viðburðarríkt þar sem mest hafa andstæðurnar góður árangur og erfið fjárhagsstaða. En þrátt fyrir það hafa verkefnin verið leyst og starfið bæði innan félaga og sambandsins verið til mikils sóma.

Deildakeppnin hér heima

Eftir margra ára átök og umræður um útfærslu á deildarkeppninni hefur nú síðastliðin ár ríkt nokkuð góð sátt um það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi. Góður árangur félagsliða í Evrópukeppnum hefur að vísu leitt til meira álags á sum félög en úr því hefur verið leyst og er gaman að fylgjast með góðum árangri okkar liða í þessum keppnum. Þátttaka í þessum mótum íþyngir félögum fjárhagslega og þó staðan hefi ekki verið góð fyrir er aðdáunarvert hvernig hægt hefur verið að leysa úr þeim vanda. Það er hvatning til annarra félaga að taka þátt enda er þátttaka í þessum mótum bæði gefandi og eykur á áhuga á íþróttinni.

Kvennalandslið

Staða kvennalandsliðsins hefur breyst mikið á undanförunum árum. Þátttaka í HM í desember 2023 og á EM í desember 2024 sýnir að kvenna landsliðið hefur tekið miklum framförum. Þrátt fyrir skort á fjármagni hefur það verið meðvituð ákvörðun að slaka ekki á umgjörð liðsins. Með vináttuleikjum og þátttöku í boðsmótum því það er mikilvægt að missa ekki niður þann árangur sem náðast hefur. Vissulega hefur það komið niður á fjárhag sambandsins en að mati stjórnar hefði það kostað meira til lengri tíma lítið ef við hefðum stigið skref til baka. Þá hefur umgjörð liðsins og leikmenn sýnt að það er mikill metnaður til staðar og því enginn ástæða til gefa eftir þó það kalli á tímabundna fjárhagserfiðleika.

Fjármál

Það má segja að hin hliðin á velgengni sé rekstrarvandi. Landslið okkar hafa á undanförunum árum átt mikilli velgengni að fagna með þátttöku í stórmótum jafnt í A-landsliðum sem og yngri landsliðum. Þetta kallar á mikið fjármagn. HSÍ hefur í marga áratugi fjármagnað sig sjálf að stærstum hluta með öflugum samstarfsaðilum sem og öðrum tekjum. Þessi róður er ávallt þungur og ljóst að opinberir aðilar verða á hverjum tíma að meta gildi íþróttar í samfélaginu og hverju íþróttastarf skilar til baka.



Þó nokkuð hefur áunnist og hafa framlög til íþrótta aukist sem hefur áhrif á verkefni og fjárhagsstöðu okkar þó það komi ekki fram í þessum árreikningi. Við úthlutun þess fjármagns verður annarvegjar að gera skýran greinarmun á því hvort verið er að styrkja sambönd til að kosta verkefni á afrekssviði eða hinsvegar til að fjármagna rekstur sambanda og bónusgreiðslna til íþróttamanna. Hefur forusta ÍSÍ að hluta til misst fótana í því verkefni. Fjárhagsstaða sambandsins nú er erfið en lagaðist á árinu 2024 og nemur tapið nú um 43 milljónum króna. Tapið skýrist nær eingöngu af þátttöku í stórmótum og fjármögnun sjónvarpsútsendinga frá leikjum hér heima. Handboltapassinn hefur nú þegar náð núllpunkti og að öllu óbreyttu eru bjartari tímar fram undan og má ætla að hagnaður verði af starfsemi sambandsins á árinu 2025.

Karla landsliðin

A landslið karla lék í HM í 23. sinn í janúar, strákarnir okkar unnu alla leiki sína í riðlakeppnina í milliriðli tapaðist einn leikur og því fór liðið ekki áfram í 8 liða úrslit. Góður maður sagði að stundum snúist þetta um að vinna og tapa réttu leikjunum þegar við á, það má segja að það hafi átt við í dag. Liðið endaði í 9. sæti á mótinu þrátt fyrir að tapa aðeins einum leik, það verður að teljast mjög sérstakt. Eins og áður var stuðningur þjóðarinnar við landsliðið ómetanlegur, hvort sem var hér heima eða á leikstað í Króatíu. Þrátt fyrir áskoranir á HM 2025 sýndi liðið mikla baráttu og samheldni, sem gefur góð fyrirheit fyrir framtíðina.

Sjónvarpsmál

Fyrir um þremur árum tókum við þá ákvörðun að vera með eigin sjónvarpsrás, Handboltapassann. Það verkefni var nauðsynlegt til að tryggja aðgengi að handbolta í sjónvarpi. Það var vitað í upphafi að verkefnið yrði dýrt til að byrja með bæði út frá kostun á vélbúnaði og útsendingum í betri gæðum. Þrátt fyrir tæknierfiðleika í upphafi hefur verkefninu vaxið ásmegin, tæknin orðið betri, útsendingar frá yngri flokkum orðnar betri með fleiri myndavélum og þannig hefur handboltapassinn fest sig í sessi. Eins og áætlanir gerðu ráð fyrir þá mun handboltapassinn skila okkur tekjum á árinu 2025 og mun halda áfram að vaxa. Þetta sannar að ákvörðunin var rétt að treysta á eigin getu og þátttöku í stað þess að vera háðir öðrum með útsendingar.

Næstu verkefni



Næstu verkefni sambandsins snúa aukinni útbreiðslu íþróttarinnar og kynningu víða um land. Við höfum haldið handboltaskóla á Vestfjörðum í samstarfi við samstarfsaðila okkar á því svæði og unnið verður áfram i svipuðum verkefnum á fleiri stöðum.

Þá verður lögð aukin áhersla á skipulagningu og markmiðasetningu afreksstarfs í samvinnu og samræmi við þá vinnu sem ÍSÍ er að vinna að. Það hefur oft verið talað um árangur okkar út frá stærð þjóðar sé athyglisverður og vissulega getum við verið stolt af því. Fjöldinn er ekki alltaf aðalatriðið því fámennið hefur einnig kosti og með skipulögðu afreksstarfi og skýrri markmiðasetningu getum við náð enn lengra.

Verkefnin á skrifstofu sambandsins eru mörg fyrir fáar hendur. Það er gaman að sjá hve mikið hefur áunnist þrátt fyrir stór verkefni og hvernig sjálfboðaliðar í hundruðum talið tryggja að allt gangi upp. Ekki síst þarna liggur styrkur hreyfingarinnar sem á bjarta farmtíð fyrir höndum.

A landslið karla

Undankeppni EM 2026, 5. - 10. nóvember. Fyrsti hluti í undankeppni fyrir EM 2026, strákarnir okkar unnu tvo þægilega sigra heima og heiman og var efst í riðlinum fyrir næstu landsleikjaglugga. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

06. nóv.	Laugardalshöll	Ísland – Bosnía	32 – 26
10. nóv.	Georgía	Georgía – Ísland	25 – 30

Vináttulandsleikir gegn Svíþjóð, 8. – 12. janúar. Undirbúningsleikir fyrir HM sem hófst nokkrum dögum síðar, tvær hörkuleikir þar sem sá fyrri endaði með jafntefli en heimamenn höfðu nauman sigur í þeim síðari. Svíar voru fyrir HM taldir eitt af stigustranglegustu liðinum á mótinu. 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

09. jan.	Svíþjóð	Svíþjóð - Ísland	31-31
11. jan.	Svíþjóð	Svíþjóð - Ísland	26-24

Heimsmeistaramótið 2025, 12. – 27. janúar. Strákarnir okkar mættu til leiks í Zagreb í Króatíu fullir sjálfstrausts eftir góðan undirbúning, þrátt fyrir meiðsli hjá Ómari Inga Magnússyni sem tók ekki þátt í þessu verkefni þá fór liðið vel af stað og vann alla leikina



í riðlakeppninni. Aðeins einn leikur tapaðist í milliriðli sem því miður skilaði liðinu í 3. sæti riðilsins og því komst íslenska liðið ekki í 8-liða úrslit. 5 sigrar í 6 leikjum á HM verður samt að teljast góður árangur, að enda ekki ofar en 9. sæti með þetta sigurhlutfall er sérstakt. Fjölmargir stuðningsmenn strákanna okkar komu til Zagreb og var andrúmsloftið í keppnishöllinni frábært á löngum köflum. 18 leikmenn og 12 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

21	16. jan.	Króatía	Ísland - Grænhöfðaeyjar	34-
19	18. jan.	Króatía	Ísland - Kúba	40-
23	20. jan.	Króatía	Slóvenía - Ísland	18-
27	22. jan.	Króatía	Egyptaland - Ísland	24-
	24. jan.	Króatía	Króatía - Ísland	
	32-26			
21	26. jan.	Króatía	Ísland - Argentína	30-

Undankeppni EM 2026, 9. - 15. mars. Annar hluti í undankeppni fyrir EM voru tveir leikir á móti Grikkjum. Þrátt fyrir mikil forföll í íslenska liðinu þá voru aðrir leikmenn sem stigu upp og leystu verkefni með sóma. Eins og áður var uppselt í Laugardalshöll þegar síðari leikurinn fór fram. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

12. mar.	Grikkland	Grikkland - Ísland	25-34
15. mar.	Laugardalshöll	Ísland - Grikkland	33-21

U20 ára landslið karla

Vínáttulandsleikir í Reykjavík, 1. - 2. júní. Tveir leikir gegn Færeyingum í Safamýri. Eftir þægilegan sigur í fyrri leiknum var síðari leikurinn jafn og spennandi en endaði þó með eins marks sigri okkar mann. Leikirnir voru undirbúningur fyrir EM. 20 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

1.júní	Safamýri	Ísland - Færeyjar	34-25
2.júní	Safamýri	Ísland - Færeyjar	30-29

Evrópumót U20 ka, 8. - 22. júlí. Liðið endaði í 2. sæti F riðils og komst því áfram í milliriðla. Eftir keppni í milliriðli var ljóst að strákarnir okkar myndu spila um sæti 5-8 og var lokaniðurstaðan 7. sætið. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

10.júlí	Slóvenía	Ísland - Úkraína	49-22
11.júlí	Slóvenía	Ísland - Pólland	37-32
13.júlí	Slóvenía	Ísland - Svíþjóð	23-33
15.júlí	Slóvenía	Ísland - Portúgal	33-33



16.júlí	Slóvenía	Ísland - Austurríki	26-34
18.júlí	Slóvenía	Ísland - Spánn	30-37
19.júlí	Slóvenía	Ísland - Svíþjóð	27-30
21.júlí	Slóvenía	Ísland - Noregur	32-29

Pierre-Tiby mótið, 12. – 16. mars. Fjögurra liða boðsmót í París þar sem eingöngu er boðið sterkustu liðum Evrópu. Eftir naumt tap á móti Spánverjum vannst góður sigur á Ungverjum í leiknum um þriðja sætið. 15 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

13. mar.	Frakkland	Spánn - Ísland	32-28
15. mar.	Frakkland	Ungverjaland - Ísland	28-29

U18 ára landslið karla

4 liða mót í Ungverjalandi, 24. – 29. júlí. Liðið tók þátt í 4 liða móti við Balaton vatnið í Ungverjalandi þar sem leikið var við frábærur aðstæður. Eftir sigur á móti heimamönnum í fyrsta leik kom naumst tap á móti Slóvenum í næsta leik. Liðið vann Írani sannfærandi í lokaleiknum. Þessi úrslit þýddu að íslensku liðið vann mótið þar sem þrjú lið enduðu jöfn ef strákarnir okkar voru með bestu innbyrðis markatöluna. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

25.júlí	Ungverjaland	Ísland - Ungverjaland	31-25
26.júlí	Ungverjaland	Ísland - Slóvenía	28-30
27.júlí	Ungverjaland	Ísland - Íran	30-26

Evrópumót U18 karla, 5.-19. ágúst. Eftir sigur í riðlakeppninni tók við afar erfiður milliriðill þar sem íslenska liðið tryggði sér annað sætið og þar með sæti í undanúrslitum. Tap fyrir Dönum í undanúrslitum gerði það að verkum að strákarnir okkar léku gegn Ungverjum í leik um 3. sætið, þar sem liðið tapaði í framlengdum leik og endaði því í 4. sæti á mótinu. Dagur Árni Heimisson var valinn í úrvalslið mótsins. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í mótinu.

7.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Færeyjar	32-23
8.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Ítalía	31-24
10.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Svartfjallaland	25-22
12.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Svíþjóð	34-29
13.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Spánn	27-32
15.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Noregur	31-25
16.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Danmörk	26-34
18.ágúst	Svartfjallaland	Ísland - Ungverjaland	34-36

SparkassenCup í Þýskalandi, 26. – 30. des. Árlegt mót þar sem íslenska liðið hefur tekið þátt í rúmlega 20 ár. Strákarnir okkar unnu sinni riðil sannfærandi og eftir sigur í



undanúrslitum gegn Serbíu beið úrslitaleikur gegn Þjóðverjum enn eitt árið. Sá leikur tapaðist naumlega en silfrið var íslenska liðsins. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

27. des.	Þýskaland	Ísland – Slóvenía	29-28
28. des.	Þýskaland	Ísland – Þýskaland 2	29-24
28. des.	Þýskaland	Ísland – Holland	29-19
29. des.	Þýskaland	Ísland – Serbía	29-28
29. des.	Þýskaland	Ísland – Þýskaland	27-31

U16 ára landslið karla

Vínáttulandsleikir í Þórshöfn, 1. – 2. júní. Fyrsta alþjóðaverkefnið hjá þessum hóp gegn nágrönnum okkar í Færeyjum. Góðir sigrar unnust í báðum leikjum sem lofar góðu fyrir framhaldið. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

1. jún.	Færeyjar	Ísland – Færeyjar	31-19
2. jún.	Færeyjar	Ísland – Færeyjar	32-25

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 16.-18.febrúar, 10.-12.maí og í kjölfarið var valin lokahópur sem æfði saman dagana 24.-26.maí. Strákar og stelpur fædd 2010 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram 31. – 2. júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

A landslið kvenna

Boðsmót í Tékklandi, 25. – 29. sept. Hluti af undirbúningi liðsins fyrir EM í desember, stelpurnar okkur léku gegn tveim landsliðum og einu félagsliði sem kom inn á seinustu stundu vegna afboðunar. Einn sigur vannst í þremur leikjum. 16 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í mótinu



26. sept.	Tékkland	Ísland – Pólland	15-26
27. sept.	Tékkland	Ísland - Házená Kynzvalt	35-25
28. sept.	Tékkland	Ísland – Tékkland	21-26

Vínáttulandsleikir gegn Pólverjum, 23. - 27. október. Eftir að hafa tapað illa fyrir Pólverjum mánuði var kærkomið að fá þær í heimsókn. Íslenska liðið gerði sér lítið fyrir og vann báða leikina. Þessir leikir voru hluti af undirbúningi liðsins fyrir EM. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

25. okt.	Reykjavík	Ísland – Pólland	30-24
26. okt.	Selfoss	Ísland – Pólland	28-24

Vínáttulandsleikir gegn Sviss, 21.-25. nóvember. Lokaundirbúningur liðsins fyrir EM, liðin unnu sitthvorn leikinn með minnsta mögulega mun. Frábærir lokaleikir fyrir EM sem hófst nokkrum dögum síðar í Austurríki, 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

22. nóv.	Sviss	Ísland – Sviss	29-30
24. nóv.	Sviss	Ísland – Sviss	29-28

EM 2024 í Austurríki, 28. nóv. – 4. des. Fyrsta EM íslenska liðsins í 12 ár og því mikil spennan fyrir mótinu. Stelpurnar okkar léku vel í fyrsta leik mótsins á móti sterku liði Holland en töpuðu naumlega en í næsta leik unnu þær sinn fyrsta sigur á EM í sögunni með frábærum sigri gegn Úkraínu. Til að komast uppúr riðlinum þurfti sigur gegn Þjóðverjum í lokaleiknum en þýska liðið reyndist of stór biti að þessu sinni. Stúlkurnar enduðu í 3. sæti í riðlinum og 16. sæti af 24 í mótinu. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

29. nóv.	Austurríki	Ísland – Holland	25-27
1. des.	Austurríki	Ísland – Úkraína	27-24
3. des.	Austurríki	Ísland – Þýskaland	19-30

U20 ára landslið kvenna

Boðsmót í N-Makedóníu, 13. – 17. júní. Undir 20 ára landslið kvenna tók þátt í boðsmóti í Skopje, sem var lokaundirbúningur liðsins fyrir HM. Stelpurnar okkur unnu alla leikina og enduðu efstar í mótinu sem lofaði góðu fyrir HM. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

14.júní	N-Makedónía	Ísland – Síle	32-20
15.júní	N-Makedónía	Ísland – Rúmenía	30-29



16.júní N-Makedónía Ísland - Norður Makedónía 32-29

Heimsmeistaramót U20 kv, 18. júní – 1. júlí. Íslenska liðið kom til leiks með mikið sjálfstraust eftir gott gengi undanfarin ár. Sigur vannst í öllum þrem leikjum í riðlakeppninni og því fór liðið með fullt hús stiga í milliriðil. Eftir sigur og tap þar var liðið komið í 8-liða úrslit en tapaði þar naumlega fyrir sterku liði Ungverja. Stelpurnar okkar léku því um 5.-8. sæti og varð 7. sætið niðurstaðan eftir frábært mót hjá liðinu. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

19.júní	N-Makedónía Ísland – Angóla	24-19
21.júní	N-Makedónía Ísland - N-Makedónía	29-17
22.júní	N-Makedónía Ísland - Bandaríkin	36-20
24.júní	N-Makedónía Ísland – Svartfjallaland	35-27
25.júní	N-Makedónía Ísland – Portúgal	25-26
27.júní	N-Makedónía Ísland – Ungverjaland	31-34
28.júní	N-Makedónía Ísland – Svíþjóð	31-33
30.júní	N-Makedónía Ísland – Sviss	29-26

U18 ára landslið kvenna

Vínáttulandsleikir gegn Færeyjum, 1. – 2. júní. Undirbúningur fyrir HM í Kína sem fram fór síðar um sumarið, stelpurnar okkar unnu báða leikina gegn nágrönnum og vinum frá Færeyjum. 20 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

1.júní	Reykjavík	Ísland – Færeyjar	29-24
2.júní	Reykjavík	Ísland – Færeyjar	27-26

Heimsmeistaramót U18 kv, 12. – 24. ágúst. HM fór fram í Kína og það var mikið og langt ferðalag sem beið liðsins áður en það kom á keppnisstað. Stelpurnar okkar lentu í þriðja sæti í sínum riðli og léku um sæti í neðri hluta keppinnar, svokölluðum Forsetabíkar. Stelpurnar okkar áttu góða spretti á mótinu og unnu góða sigri en vantaði uppá stöðugleika í sinni spilamennsku til að færast nær sterkari liðum. Það verður gaman að fylgjast með hópnum bæta sig á næstu árum. Liðið endaði í 24. sæti af 32 liðum í mótinu.

14.ágúst	Kína	Ísland – Tékkland	17-28
16.ágúst	Kína	Ísland – Þýskaland	26-31
17.ágúst	Kína	Ísland – Gínea	25-20
19.ágúst	Kína	Ísland – Egyptaland	20-20
20.ágúst	Kína	Ísland – Rúmenía	14-27
22.ágúst	Kína	Ísland – Indland	33-15
23.ágúst	Kína	Ísland – Angóla	36-21



U16 ára landslið kvenna

Vínáttulandsleikir gegn Færeyjum, 1. – 2. júní. Tveir leikir gegn Færeyingum í Reykjavík, undirbúningur fyrir opna Evrópumótið síðar fram fór síðar um sumarið. Eftir eins marks sigur í fyrri leiknum unnu stúlkurnar góðan 9 marka sigur í þeim síðari. 18 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

1.júní	Reykjavík	Ísland – Færeyjar	25-24
2.júní	Reykjavík	Ísland – Færeyjar	32-23

Opna Evrópumótið, 30. júní – 6. júlí. Stelpurnar okkur hófu mótið af miklum krafti og unnu sinn riðil með frábærri spilamennsku. Það voru sterkar þjóðir sem biðu liðsins í milliriðli og töpuðust þeir leikir báðir, liðið lék því um 5.-8. sæti þar sem báðir leikir töpuðust í miklum baráttuleikjum gegn frændþjóðum okkar í Skandinavíu. Niðurstaðan 8. sæti sem er frábær árangur hjá liðinu. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

1.júlí	Svíþjóð	Ísland – Króatía	17-17
1.júlí	Svíþjóð	Ísland – Litháen	19-18
2.júlí	Svíþjóð	Ísland – Færeyjar	18-12
2.júlí	Svíþjóð	Ísland – Noregur	18-15
3.júlí	Svíþjóð	Ísland – Sviss	22-27
3.júlí	Svíþjóð	Ísland – Þýskaland	17-21
4.júlí	Svíþjóð	Ísland – Svíþjóð	25-30
5.júlí	Svíþjóð	Ísland – Noregur	21-25

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 16.-18.febrúar, 10.-12.maí og í kjölfarið var valin lokahópur sem æfði saman dagana 24.-26.maí. Strákar og stelpur fædd 2010 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram 31. – 2. júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Áfram veginn!



Undanfarin ár hafa verið einstök í sögu íslensks kvennahandbolta. Við höfum séð ótrúlega þróun, vaxandi metnað og árangur sem endurspeglar kraftinn og eljuna í okkar frábæru leikmönnum, þjálfurum og stuðningsaðilum. Þessi vegferð er langt frá því að vera á enda – hún er aðeins rétt að byrja.

Framtíðin er björt og með áframhaldandi öfluggu starfi innan félaganna og HSÍ munum við halda áfram að færa kvennahandbolta á nýjar hæðir. Við stöndum saman, við stefnum hærra og við látum draumana rætast.

Áfram Ísland!

Guðríður Guðjónsdóttir,

Formaður landsliðsnefndar kvenna

Skýrsla Dómaranefndar

Dómaranefnd hóf störf strax að loknu ársþingi 2024 og skipti með sér verkefnum.

Ólafur Örn Haraldsson formaður

Guðjón L. Sigurðsson v. formaður

Kristján Halldórsson meðstj.

Kristín B. Aðalsteinsdóttir meðstj.

Magnús Kári Jónsson meðstj.

Haustfundur var haldin með dómurum og eftirlitsmönnum 31. ágúst, 2024 þar sem farið var yfir áherslur dómaranefndar, skoðuð myndbönd með ýmsum atvikum úr hinum ýmsu leikjum. Að lokum voru tekið reglupróf og þrektest.

Niðurstöður úr prófum ásættanlegar en auðvitað þurftu einhverjir að taka prófin aftur og gekk það nokkuð vel.

Janúarfundur með dómurum og eftirlitsmönnum var haldinn 14. janúar, 2025. Enn og aftur þreyttu menn reglupróf og þrektest og var niðurstaðan val ásættanleg.

Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum á tímabilinu og þar hafa verið rædd atvik sem komið hafa upp bæði hjá dómurum og eftirlitsmönnum. Niðurstaðan var að skerpa þurfti á þekkingu bæði hjá dómurunum og eftirlitsmönnum og teljum við okkur hafa gert það.

Hert var á áherslum dómaranefndar um bekkjarstjórn og hefur það haft góð áhrif hingað til og eru flestir sammála um að það sé leiknum og leikstjórn til framdráttar.



Ísland á nú 3 EHF pör sem dæma í Evrópukeppnum. Anton G. Pálsson og Jónas Elíasson hafa dæmt 8 leiki, Sigurður H. Þrastarson og Svavar Ó. Pétursson hafa dæmt 7 leiki og Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson 4 leiki en þeir fengu EHF réttindi í apríl 2024. Allir hafa þeir staðið sig með sóma.

Ísland er með 4 sem eru í eftirliti fyrir EHF. Þeir eru: Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Halldórsson, Reynir Stefánsson og Hlynur Leifsson sem var einnig í eftirliti á HM í Danmörku í janúar s.l. á vegum IHF. Eftirlit á vegum EHF eru orðin 30 á þessum vetri.

Nokkur A-námskeið hafa verið tekin í vetur en nú er vinnan aðallega í að ganga frá B-námskeiði sem tekið verður á "netinu" að stærstum hluta. Þetta er töluverð vinna sem unnin hefur verið af Magnúsi Kára Jónssyni. Með honum hafa svo komið að þessu Kristján Halldórsson og Guðjón L. Sigurðsson. Áætlað hafði verið að hafa þetta klárt í byrjun mars en það mun tefjast eitthvað.

Eins og alltaf þá má gera betur og vill nefndin koma því á framfæri við félögin sem skaffa okkur þá einstaklinga sem taka að sér dómgæslu að þeir eru fulltrúar þeirra. Það er mikilvægt að félögin hvetji þá til þess að vera í góðu formi og komi með réttu hugarfari inn í þau verkefni sem dómari tekur að sér.

Ólafur Örn Haraldsson

Formaður dómaranefndar

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2024/2025

Kristín Þórðardóttir, formaður

Alfreð Örn Finnsson

Ágúst Karl Karlsson

Hjalti Þór Hreinsson

Þórarinn Þórarinsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmenn mótanefndar tímabilið 2024/2025 voru þeir Ólafur Víðir Ólafsson og Herbert Ingi Sigurðsson og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem er einkum á herðum starfsmanna mótanefndar. Formaður og starfsmenn nefndarinnar eru einnig í virkum samskiptum í gegnum síma í kringum ákveðin mál ef þurfa þykir.



Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga en á tímabilinu 2024/2025 komu færri mál tengd framkvæmd leikja og leikmanna án samnings á borð hennar en áður sem er mjög ánægjulegt. Nokkur mál tengd venslaliðum komu á borð nefndarinnar þetta tímabil enda er það fyrirkomulag nýtt og félögin að fóta sig í því. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur eru afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.

Meistaraflokkar

Síðasta haust var töfludregið í allar deildir meistaraflokks, félögin höfðu svo, líkt og áður, tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri varðandi leikdaga og leiktíma. Starfsmaður mótanefndar fer síðan yfir athugasemdir félaganna ásamt óskum sjónvarpsrétthafa og aðlagar leikjaplanið samkvæmt því. Sérstök áhersla er lögð á að samþykkja breytingar sem gera félögunum kleift að bjóða upp á tvennur.

Á ársþingi 2024 voru gerðar breytingar á því U liða fyrirkomulagi sem verið hafði í gildi undanfarin ár. Ákveðið var að hætta með U liðin og virkja svokölluð venslalið í staðinn með það að markmiði að fjölga félögum í deildarkeppni. Undanþága var veitt fyrir keppnistímabilið 2024-2025 til þess að senda inn lið undir nafni B liðs eða liðs 2 félaga en sú undanþága fellur úr gildi eftir tímabilið.

Deildakeppni karla


Í meistaraflokki karla sendu 24 félög inn lið til keppni sem er fjölgun um fimm frá síðasta tímabili og skapast að mestu leyti vegna breyttra reglna varðandi venslalið. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið þátt í Olís-deild karla, 9 í Grill 66 deildinni, þar af 4 lið 2, og 12 lið í 2. deild karla, þar af fimm lið 2. Fjögur félög, Berserkir, Hamrarnir, HBH og Mílan komu ný til leiks frá fyrra keppnistímabili. Berserkir, Hamrarnir, ÍH, Hvíti Riddarinn, Mílan, Víðir og Vængir Júpíters afþökkuðu öll boð um að leika í Grill66 deildinni og léku í 2.deild þrátt fyrir reglugerð sem kveður á að aðallið félaga hafi forgang yfir lið 2 í Grill66 deildina. Þetta er þó í síðasta skipti sem reynir á þennan forgang en hafa ber þó í huga að lið og venslalið þess geta aldrei leikið í sömu deild. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki frekar en undanfarin ár vegna þróunar U-liða/venslaliða.

Deildakeppni meistaraflokks karla 2024/2025 er lokið og var það lið FH sem stóð uppi sem deildarmeistari Olís-deildarinnar, keppni í Grill66 deild karla er ekki lokið þegar þetta er ritað en lið Berserkja endaði í efsta sæti 2.deildar karla áður en úrslitakeppni tekur við. Lið Fjölnis féll úr efstu deild.


Úrslitakeppni Olís og 2.deildar karla er nú í fullum gangi sem og umspil Grill66 deildar um laust sæti í efstu deild.



Fjöldi liða í meistaraflokki karla 2004-2025



Félög og lið í deildarkeppni karla 2024/2025




Deildakeppni kvenna


Í meistaraflokki kvenna sendu 15 félög lið til keppni sem er sami fjöldi og síðasta tímabil. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og 10 í Grill 66 deildinni, þar af 3 lið 2, sem er það sama og á síðasta Íslandsmóti. Deildarkeppninni Olísdeildar kvenna er ekki lokið þegar þetta er ritað en lið Vals hefur þó þegar tryggt sé deildarmeistaratitilinn. Lið KA/Þórs sigraði Grill 66-deildina og leikur því í efstu deild á næsta tímabili. Ekki er enn ljóst hvaða lið fellur beint niður í næst efstu deild og umspil um síðasta lausa sæti efstu deildar hefst um miðjan apríl.



Fjöldi liða í meistaraflokki kvenna 2004-2025



Félög og lið í deildarkeppni kvenna 2024/2025



Bikarkeppni

Úrslitahelgi Powerade bikarkeppninnar var haldin á Ásvöllum dagana 26.febrúar til 2.mars. Í meistaraflokki kvenna voru það Haukar sem stóðu uppi sem sigurvegarar eftir að hafa sigrað lið Fram í úrslitaleik. Í meistaraflokki karla sigrði Fram Stjörnuna og hampaði þar með bikarmeistaratitlinum.

Yngri flokkar

Fjölliðamót

Fjölliðamót tímabilsins gengu afar vel og verða Íslandsmeistarar í 5. og 6.flokki krýndir í maí. Bikarmótin eru orðin fastur liður í mótahaldi þessara flokka og voru úrslitaleikir þeirra móta leiknir á Ásvöllum um úrslitahelgi bikarkeppninnar líkt og undanfarin



tímabil. Sem fyrr er það tilfinning mótanefndar að mikil ánægja sé með þetta fyrirkomulag.

Fyrir skömmu var send út skoðanakönnun til þjálfara 5.og 6.flokks þar sem þeir voru spurðir út í mótafyrirkomulag og beðnir um að koma með athugasemdir um hvað mætti betur fara. Starfsmenn mótanefndar munu síðan greina niðurstöður könnunarinnar og fara yfir niðurstöðurnar á fundi forráðamanna yngri flokka síðar í vor.

Keppni 3. og 4.flokks

Eftir breytingu á síðasta keppnistímabili var haldið áfram að leika deildarkeppni þessara flokka í lotukerfi. Sem fyrr var leikið 3 lotum þar sem lið fóru á milli riðla í eftir hverja lotu, en þetta fyrirkomulag gerði það að verkum að félög spila fleiri jafna leiki yfir tímabilið og leikjaálagið dreifist betur. Almenn ánægja er með fyrirkomulagið en lítils háttar breytingar voru gerðar á tímalengd lotnanna eftir athugasemdir frá félögum eftir síðasta tímabil. Fyrirkomulagið er þó enn í þróun og vel tekið í allar athugasemdir sem geta bætt það enn frekar.

Líkt og í yngri flokkum fóru úrslitaleikir bikarkeppni 3. og 4.flokks fram á Ásvöllum um úrslitahelgi bikarkeppninnar.

Að lokum má nefna að vinna við að gera félögin sjálfstæð uppsetningu og keyrslu sinna móta í gegnum Tourneopal mótakerfið gengur vel og vonast er til þess að aðkoma skrifstofu HSÍ að þeirri vinni minnki enn frekar á næsta tímabili.

Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Minna hefur verið um að mál af þessu tagi hafi komið inn á borð nefndarinnar á þessu tímabili sem bendir til þess að félögin séu að sinna umgjörðinni vel þó alltaf sé eitthvað sem má bæta. Síðasta haust hélt mótanefnd ásamt fulltrúa dómaranefndar stutt námskeið fyrir félögin þar sem farið var vel yfir mótahandbókina og sérstaklega hlutverk ábyrgðarmanns leiks. Námskeiðið var ágætlega sótt og verður endurtekið í upphafi næsta tímabils ef óskað er eftir. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótnefndar. Flest ágreiningsmál sem komu inn á borð nefndarinnar voru tengdar frestunum leikja bæði í meistara- og yngri flokkum sem og ólöglegum leikmönnum í venslaliðum. Talsvert var um frestanir vegna veðurs eins og yfirleitt er og er óhjákvæmilegt að málum tengdum þeim fjölgi í takt við fjölgum liða af landsbyggðinni. Mikilvægt er að reglur tengdar frestunum leikja séu sem skýrastar og hefur mótanefnd skerpt á þeim og mun halda því áfram eftir því sem þurfa þykir.

Formannafundir hafa verið haldnir reglulega á tímabilinu og hafa allar ákvarðanir varðandi breytingar á mótahaldi verið ræddar þar í þaula áður en þær hafa komið til framkvæmdar. Eins og áður hefur verið nefnt er alltaf verið að leita leiða til þess að hafa



mótafyrirkomulag yngri flokka eins og best verður á kosið og eru kannanir sem sendar eru út til þjálfara mikilvægur liður í því.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

Skýrsla fræðslu og útbreiðslunefndar HSÍ

Nefndina skipa þau Inga Lilja Lárusdóttir og Sveinn Þorgeirsson. Á árinu lét Gunnar Magnússon af stöfum hjá HSÍ og þökkum við honum kærlega fyrir hans frábæra starf. Nýr Íþróttastjóri tók við keflinu Jón Gunnlaugur Viggósson. Öll mál eru unnin í samstarfi við hann ásamt Róbert Geir Gíslason framkv.stjóra HSÍ.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og útbreiðslu íþróttarinnar.

Þjálfaramenntun HSÍ

Öll þjálfaramenntun HSÍ er í fjarnám í Abler sem stendur og því skiptir ekki máli hversu margir skrá sig við bjóðum alltaf upp á 1,2 og 3 stig.

1.stigi (6-8 flokkur) er grunnatriði íþróttarinnar kynnt og hvernig þau skal þjálf. Hér er reynt að hafa tengingar við íþróttافرæði og koma íþróttافرæðingar mikið að kennslu á þessu stigi.

Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (50%) og sérgreinahluta (50%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 60 í almenna hlutanum og 60 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 1. stigi.

2.stig (3-5 flokkur). Miðast við að því að byggja á grunn leikmanna úr yngstu flokkunum, bæta við sérþjálfun eftir leikstöðum og svo í framhaldinu einföldu leikskipulagi í vörn og sókn. Einnig er komið inn á líkamlega þjálfun unglinga. Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 20 ár, skulu hafa lokið 1. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 2. stigi.

3.stig námið kemur inn á alla þá þætti sem skipta máli í meistaraflokksþjálfun, ítarlega er farið í hvern þátt og lagt upp úr því að vera með hæfa fyrirlesara.

Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 25 ára, skulu hafa lokið 2. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ.

Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreinahlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að



teljast hafa lokið 3. stigi. Það voru 27 þjálfarar sem luku þjálfaranámskeiðunum hjá okkur á þessu tímabili.

Jón Gunnlaugur Íþróttastjóri HSÍ sótti menntaþing í Vín á vegum EHF í lok mars og er unnið að því núna að uppfæra kerfin okkar að nýjum stöðlum. Maí næstkomandi mun HSÍ í samstarfi við EHF halda endurmenntunarnámskeið á Mastercoach gráðunni en hún er æðsta gráða þjálfaramenntunar í handbolta í Evrópu. Það eru um 50 íslenskir þjálfarar sem eru með Mastercoach gráðuna.

Fræðslumál

1.mars stóð HSÍ í samstarfi við Arion banka fyrir fræðsludegi i höfuðstöðvum Arion banka. Þórir Hergeirsson, einn sigursælasti handknattleiksþjálfari sögunnar ásamt því að Hafrúnu Kristjánsdóttur, prófessor og deildarforseta við íþróttadeild Háskólans í Reykjavík héldu fyrirlestra.

Þórir hélt tvo fyrirlestra á laugardaginn og í þeim fyrri fjallaði hann um afreksstarf og sá síðari Stefna, fag og ferðalagið að árangri. Hafrún fjallaði í sínum fyrirlestri um mikilvægi sálfræðilegra þátta í árangri og vellíðan afreksmanna.

Fræðsludagurinn í Arion banka var vel sóttur og mættu þar iðkendur, þjálfarar og aðrir sem tengjast íþróttahreyfingunni frá fjölmörgum íþróttagreinum.



HSÍ vill þakka Arion banka, Þóri Hergeirssyni og Hafrúnu Kristjánsdóttur fyrir að leggja verkefninu lið og gera þetta að veruleika.



Afreksmaður framtíðarinnar fyrirlestraröð



Fyrirlestrarröðin „Afreksmaður framtíðarinnar“ fór fram 19. desember síðastliðinn í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Öll yngri landsliðin voru boðuð á fyrirlestrarröðina sem HSÍ hélt í samstarfi við HR. Leikmenn fá fræðslu um allt sem við kemur íþróttum. Jón



Gunnlaugur, Íþróttastjóri HSÍ opnaði fyrirlestrarröðina og fór yfir ýmis praktísk atriði. Hjörtur Hinriksson styrktarþjálfari A-landsliðs kvenna fór yfir almenna styrktarþjálfun sem og styrktarþjálfun A-landsliðs kvenna á stórmóti og þann undirbúning sem fram fer. Friðrik Benóný Garðarsson Meistaraneimi HR fór yfir styrktarmælingar sem HR framkvæmir á yngri landsliðum HSÍ. Hvaða mælingar – hvernig er mæt, niðurstöður og túlkun. Einar Sigurjónsson hélt afar skemmtilegan fyrirlestur um næringu og hvíld og hvað þarf til að hámarka svefngæði. Magnús Karl Magnússon endaði fyrirlestraröðina á mjög áhugaverðum fyrirlestri. Hann fór yfir sálrænan sveigjanleika.

20. desember voru svo mælingar á líkamlegri getu leikmanna yngri landsliða en þetta er áttunda árið sem HSÍ í samstarfi við Háskólann í Reykjavík standa fyrir mælingunum. Með mælingunum geta leikmenn fylgst með líkamlegri getu og þróun auk þess sem Háskólinn í Reykjavík getur nýtt tölurnar til rannsókna á íþróttasviði skólans. Sem fyrr er þetta samstarf milli HR og HSÍ gríðarlega dýrmætt og nýtist okkur afar vel.



Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ fór fram í 29. skiptið helgina 30. maí - 2 júní að Varmá í Mosfellsbæ. Um 100 stúlkur og drengir fædd 2011 frá 16 félögum tóku þátt. Tilnefningar voru, eins og undanfarin ár, í höndum aðildarfélaga HSÍ.

Krakkarnir æfðu fjórum sinnum saman yfir helgina. Markmannspjálfrateymi HSÍ sá um sér æfingar fyrir markmenn en auk þeirra komu margir af efnilegustu leikmönnum landsins að verkefninu og sýndu iðkendum sínar uppáhalds æfingar. Í lok námskeiðs var farið yfir næstu skref hjá hópnum en 2011 árgangurinn tekur þátt í Hæfileikamótun HSÍ tímabilið 2024/2025.





Hæfileikamótun HSÍ

Fyrsta æfingahelgin í hæfileikamótun HSÍ fyrir tímabilið 24/25 fór fram helgina 11.-13. október í Egilshöll og voru yfir 100 krakkar frá öllum aðildarfélögum HSÍ tilnefnd. Að þessu sinni er hæfileikamótun HSÍ fyrir krakka fædd 2011 og æfði hver hópur fjórum sinnum yfir helgina.

Markmið hæfileikamótunar HSÍ er fyrst og fremst að fylgjast með yngri leikmönnum félagana og fjölga þeim iðkendum sem fylgst er með á landsvísu, veita þeim aðhald og undirbúning fyrir komandi landsliðsval og landsliðsverkefni. Hæfileikamótun er einnig mikilvægur vettvangur fyrir krakkana til að æfa saman á hæsta getustigi þessa aldursflokks en um leið búa til og byggja upp þéttan hóp iðkenda sem skipa munu yngri landslið HSÍ á komandi árum.

Önnur æfingahelgi Hæfileikamótunar HSÍ fór fram um 13. – 15. desember í Kaplakrika. 102 krakkar fædd 2011 voru tilnefnd frá 16 aðildarfélögum HSÍ að þessu sinni.

Krakkarnir æfðu fjórum sinnum saman yfir helgina en með þessu byggist bæði upp þéttur hópur framtíðar landsliðs auk þess sem hægt er að fylgjast með og veita framtíðar stjörnum okkar gott aðhald og undirbúning.

Þriðja Hæfileikamótun HSÍ fór fram 14.-16. febrúar í Kaplakrika. Það voru 102 iðkendur frá 18 aðildarfélögum HSÍ tóku þátt í æfingunum. Æft var fjórum sinnum yfir helgina

Fjölmarginir yngri flokka þjálfarar aðstoðuðu á Hæfileikamótuninni þessa helgina en meðal annars tóku Viktor Ernir Geirsson frá Þór Akureyri, Vilhjálmur Halldórsson frá Stjörnunni, Igor Mrsulja frá Víkingi, Daníel Franz Davíðsson frá Val og Ólafur Jón Guðjónsson frá Fram þátt í æfingunum. Hrannar Einarsson frá Háskólanum í Reykjavík sá um ýmsar líkamsmælingar sem iðkendur tóku þátt í. 2011 árgangurinn hefur á að





skipa gríðarlega efnilegum hópi leikmanna sem munu svo sannarlega láta til sín taka á komandi árum.

Skólamót HSÍ

Hátt í 1.000 krakkar tóku þátt í Skólamóti HSÍ sem haldið er í annað sinn. Riðlakeppni skólamótsins á höfuðborgarsvæðinu fór fram í október og voru yfir 120 lið skráð til leiks frá flestum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Allt var klárt á Akureyri til að halda fyrsta skólamót Norðurlands en þurftum við að hætta við sökum verkfalla.

Úrslit Skólamóts HSÍ 2024 fór fram fimmtudaginn 14.nóvember, í Safamýri. Eftir undankeppni Skólamótsins höfðu 14 lið unnu sér þátttökurétt á úrslitadeginum í 5.bekk og 17 lið í 6.bekk. Baráttan skein af keppendum en mótið einkenndist þó af gleði og skemmtun. Afar gaman var að sjá fjölda áhorfenda, bæði foreldra og samnemendur sem fengið höfðu leyfi kennara til að fylgja og styðja skólafélaga á úrslitadeginum.

Eftir milliriðla var komið að undanúrslitum. Í 5.bekk drengja átti Mýrarhúsaskóli tvö lið í undanúrslitum og léku þau gegn hvort öðru. Í hinum undanúrslitaleiknum léku Álftamýrarskóli gegn Hlíðaskóla. Svo fór að Mýrarhúsaskóli „Gulir“ unnu sína viðureign ásamt Álftamýrarskóla og léku þessir skólar því til úrslita. Eftir hörku viðureign var það Mýrarhúsaskóli sem bar sigurorð úr bítum 16-11 og eru því skólameistarar í 5.bekk drengja.

Í 5.bekk stúlkna léku Hlíðaskóli gegn Dalskóla en í hinn viðureigninni mættust Ingunnarskóli og Engjaskóli. Undanúrslitin fóru á þann veg að Dalskóli og Ingunnarskóli unnu sínar viðureignir og mættust í úrslitum. Það má með sanni segja að úrslitaviðureignin hafi reynt að taugarnar enda spennan gríðarleg. Eftir hefðbundinn leiktíma var staðan jöfn 3-3 og því þurfti að grípa til vítakeppni. Svo fór að Ingunnarskóli skoraði úr seinasta vítinu sínu og tryggðu sér sigurinn í 5.bekk stúlkna eftir bráðskemmtilega og spennandi vítakeppni.

Í 6.bekk drengja mættust Hörðuvallarskóli 9 og Hörðuvallarskóli 18 í öðrum undanúrslitaleiknum en í hinum voru það Mýrarhúsaskóli og Breiðagerðisskóli. Hörðuvallarskóli 18 sigraði sína viðureign nokkuð örugglega en öllu meiri spenna var í leik Mýrarhúsaskóla og Breiðagerðisskóla. Jafnt var á öllum tölum og eftir að hefðbundnum leiktíma var lokið stóðu leikar 9-9. Hvort lið tilnefndi því þrjár vítaskyttur en bæði lið skoruðu úr öllum sínum vítum og staðan því enn jöfn 12-12. Þá þurfti að grípa til bráðabana í vítakeppni og fór svo að lokum að Mýrarhúsaskóli sigraði 14-13 og komst í úrslit. Í úrslitum var það Hörðuvallarskóli sem sigraði Mýrarhúsaskóla 17-12 og tryggðu sér þar með titilinn.

Í 6.bekk stúlkna mættust Álftamýrarskóli og Mýrarhúsaskóli annars vegar og Hörðuvallarskóli 12 og Hörðuvallarskóli 13 hins vegar en Hörðuvallarskóli sló öll með í fjölda þátttökuliða í riðlakeppninni og sendu 18 lið til leiks. Svo fór að Mýrarhúsaskóli og Hörðuvallarskóli 12 sigruðu sínar viðureignir og mættust í úrslitum. Hörðuvallarskóli var skrefinu framar í annars spennandi viðureign og sigruðu 11-8 í úrslitunum.



Við óskum sigurvegurum Skólamóts HSÍ innilega til hamingju með titilinn og jafnframt skilum við kærum þökkum til allra skólastjórnenda og kennara sem gerðu þetta mót að veruleika með okkur annað árið í röð. Á næstu árum ætlum við að stækka mótið og hafa undanúrslitin á 3 stöðum utan höfuðborgarsvæðisins og verða úrslitin spiluð á höfuðborgarsvæðinu. Það er því alveg klárt að skólamót HSÍ komið til að vera um ókomin ár.

Sigurvegarar 2024

5.bekkur drengir
– Mýrarhúsaskóli
5.bekkur stúlkur
– Ingunnarskóli
6.bekkur drengir
–
Hörðuvallarskóli
6.bekkur stúlkur
–
Hörðuvallarskóli



Útbreiðsla

Í október keyrði HSÍ við prufuverkefni fyrir 2010 árgang stúlkna og drengja. Það verkefni var ætlað til að sporna við brottfalli og gefa leikmönnum sem ekki hafa verið í sviðsljósinu áður tækifæri til að sýna sig og sanna á æfingum undir handleiðslu HSÍ. Hvert félag tilnefndi 2 leikmenn.

Eftir áramót þá var boðið upp á sér æfingar fyrir horn, útileikmenn, línu og markmenn. Félögin tilnefndu þá 2 í hverja stöðu og voru æfingarnar undir handleiðslu þjálfara HSÍ ásamt leikmönnum í Olís og Grill66 deildinni. U19 ára landsliðin okkar mættu á æfingarnar. Í kjölfarið var síðan sama fyrirkomulag og á fyrstu æfingunum.

Viðbrögðin voru gríðarlega jákvæð og fór verkefnið fram úr björtustu vonum og því ljóst að áframhald verður á því.

Ungmennafélagið ÁS á Kirkjubæjarklaustri stóð fyrir handknattleiksnámskeiði dagana 16.-19.janúar. Þetta er í þriðja skiptið sem slíkt námskeið er haldið en um 40 nemendur frá 1.-10.bekk tóku þátt. Örn Þrastarson unglíngalandsliðsþjálfari stýrði æfingu fimmtudagsins en honum til aðstoðar var Rúnar Hjálmarsson. Seinni hluta námskeiðsins stýrðu fulltrúar Ungmennafélagsins ÁS en námskeiðið endaði svo á pizzapartý þar sem horft var á leik Íslands og Kúbu á HM.

Ungmennafélagið Ármann hefur staðið fyrir handknattleiksnámskeiðum á Kirkjubæjarklaustri undanfarin ár en eftir sameiningu félaganna í Skaftárhreppi er það nú undir merkjum Ungmennafélagsins ÁS. Hugmyndir eru uppi um að koma handbolta á 1 x í viku til að byrja með.



Haldið var námskeið á Vestfjörðum dagana 22.-23. febrúar í samvinnu við Arnarlax. Námskeiðið fór fram í Íþróttahúsinu á Patreksfirði. Boðið var upp á námskeið fyrir 1.-10. bekk og þeim skipt upp í tvo hópa. Arnarlax bauð upp á rútuförir á æfingarnar frá Vesturbyggð. Þökkum við þeim kærlega fyrir.

Haldnir voru handboltadagar í Suðurnesjabæ í samvinnu við Íþróttafélagið Víði og Suðurnesjabæ, dagana 8. og 9.mars.

Æfingarnar voru fyrir 1.-4.bekk (2018-2015) og fóru þær fram fram í Íþróttamiðstöðinni í Sandgerði. Fjölmarginir gestgjafarar og leikmenn mættu á svæðið. Í kjölfarið hefur handknattleiksdeild Víðis að staðið fyrir æfingum tvisvar sinnum í viku fyrir 1.-4. bekk Æfingarnar eru haldnar í Sandgerði og Garði.

Næstu verkefni.

Það er nóg að gera fræðslu og útbreiðslumálunum hjá okkur. Æfingarnar munu hefjast aftur á Akranesi í september eftir tveggja ára hlé. Mikil ánægja var með æfingarnar fyrir tveimur árum og mikil vonbrigði þegar ekki náðist að halda áfram sökum húsnæðisleysis því það voru í kringum 140 krakkar að mæta á æfingarnar. Nú er verið að taka nýtt Íþróttahús í notkun og því mikil spenna að sjá hversu margir krakkar munu mæta aftur.

HSÍ hefur verið í viðræðum við forsvarsmenn í Reykjanesbæ, Akranesi, Hvolfsvelli, Húsavík, Dalvík, Egilstöðum og Borgarnesi með að halda námskeið núna í apríl/Maí og höfum við fundið fyrir miklum áhuga við alla sem við höfum talað við. Í framhaldinu er stefnan að aðstoða við að koma æfingum á og höfum við verið í viðræðum við nærliggjandi félög um að aðstoða okkur. Það hefur verið gert á nokkrum stöðum með



góðum árangri. Stækka skólamót HSÍ enn frekar og spila riðlakeppnirnar á fleiri stöðum á landinu ásamt því að fjölga árgöngum.

Fyrir hönd fræðslu og útbreiðslunefndar,

Inga Lilja Lárusdóttir, formaður

Skýrsla markaðsnefndar HSÍ

Á síðasta ársþingi var Bjarni Ákason kjörinn formaður markaðsnefndar, á skrifstofu HSÍ eru það Róbert Geir, framkvæmdastjóri HSÍ og Kjartan Vídó, markaðsstjóri sem bera ábyrgð og vinna að öllum málum tengdu markaðs- og styrktarmálum HSÍ.

Áður en keppnistímabilið 2024-2025 hófst í Olís- og Grill66 deildum hófs samdi HSÍ við auglýsingarstofuna Sahara sem tók yfir allt er tengdist framleiðslu og birtingar á markaðsefni tengdu Olísdeildinni, Handboltapassanum og á öðru markaðsefni HSÍ. Bakland auglýsingastofa hefur áfram unnið allt markaðsefni fyrir CCEP fyrir Powerade bikarinn.

Helstu verkefni Markaðsnefndar HSÍ á liðnu ári

Verkefni markaðsnefndar er fjölbreytt og lang stærsti hluti vinnu nefndarinnar fer í að endurnýja samstarfssamninga og samskipti við núverandi bakhjarla HSÍ, að afla nýrra bakhjarla, auka nýliðun í handbolta og markaðssetja íþróttina á sem bjölbreyttastan máta.

Adidas nýr búningaframleiðandi HSÍ

HSÍ samdi á árinu við nýjan búningaframleiðanda handknattleikssambandsins og er það Adidas. Þetta er stórt skref fyrir HSÍ, þar sem Adidas er eitt virtasta og þekktasta íþróttavörumerki heims og merkið þekkt fyrir gæði og framúrskarandi hönnun, sem hefur gert vörumerkið að eftirsóknarverðum samstarfsaðila íþróttafólks um heim allan.

Samstarfið við Adidas undirstrikar metnað HSÍ og viðurkenningu á þeirri stórsókn sem íslenskur handbolti hefur verið í undanfarin ár. Að fá Adidas sem samstarfsaðila er mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi, bæði sem gæðastimpill og áminning um alþjóðlegan stuðning við íslenskan handbolta.

Bakjarlar HSÍ

HSÍ vinnur allt árið náið með bakhjörllum HSÍ sem flestir hafa verið í samstarfi við



hreyfinguna í áratugi og er HSÍ þakklátt þá staðfestu sem núverandi bakhjarlar hafa sýnt handknattleikssambandinu. Endurnýjaðir voru nokkrir samningar á árinu og er fyrsti kostur HSÍ að halda áfram góðu samstarfi við núverandi bakhjarla. Unnið var að því að verja auglýsingarétt bakhjarla HSÍ með því að vakta notkun annara fyrirtækja á landsliðsfólki HSÍ í kringum stórmót þegar landsliðin okkar eru mest áberandi. Bakhjarlar HSÍ hafa aukið óskir sínar um aðgöngu að landsliðsfólki til markaðssetningar og hafa leikmenn tekið málaleitan þeirra og HSÍ vel og ber að þakka leikmönnum Íslands fyrir þeirra hlut í markaðsstarfi HSÍ og bakhjarla okkar.

Stórmót í handbolta

Bæði A landsliðs kvenna og karla tryggðu sér þáttökurétt á stórmótum á árinu. A landslið karla keppni á EM í Þýskalandi og A landslið kvenna á EM sem haldið var í Austurríki, Sviss og Ungverjalandi en stelpurnar okkar léku í Austurríki.

Sjónvarpsáhorf á stórmótin eru í hæstu hæðum yfir beinar útsendingar þegar A landslið karla er á stórmóti í janúar og eigum við handboltinn stærstu útsendingar árlega. A landslið kvenna hefur mælst með miklum ágætum og hefur áhorf aukist á landsleiki kvennalandsliðsins. Fjölmíðlar hafa fjallað vel um landsliðin okkar á stórmótum og ber að þakka RÚV, Handbolti.is, Morgunblaðinu/Mbl og Stöð2/Visir fyrir það að fylgja landsliðum Íslands eftir á stórmótin.

Íslenskir stuðningsmenn fjölmenntu á stórmótið og voru áberandi í keppnishöllunum og studdu landsliðin okkar vel. Mótshaldarar hafa hrósað íslenskum áhorfendum mikið fyrir skemmtilega umgjörð þeirra og á Sérsveitin, stuðningssveit HSÍ hrós skilið fyrir þeirra framlag í kringum landsleiki hér heima og á stórmótum.

Handboltapassinn

Áskrifendum Handboltapassans fer fjölgandi og hefur útsendingum fjölgað mikið eftir að yngri flokkar bættust við í Handboltapassanum. Fjárfest hefur verið í fleiri myndavélum og þær settar upp sem eykur gæði útsendinga. Sjónvarp Símans hefur í vetur verið með eina beina útsendingu í opinni dagskrá úr Olísdeildum karla og kvenna úr hverri umferð. Fjölgaði útsendingunum þegar komið var inn í úrslitakeppnina. Yfir 30.000 heimili sá úrslitaviðureign Aftureldingar og FH í Olísdeild karla.

68. ÁRSPING HSÍ



Ársreikningur 2024
Þingskjal 2



Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur 2024

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

kt: 590169-4049

BARRENT UNDIRRITAD
Róbert Geir Glásson
KL 1611823389
Dagf. 28.3.2025 10:40:57
Ástæða: Undirritun
BARRENT UNDIRRITAD
Guðmundur Blígr Ólafsson
KL 1311624139
Dagf. 28.3.2025 10:45:23
Ástæða: Undirritun
BARRENT UNDIRRITAD
Guðrúnur Guðjónsdóttir
KL 1807612689
Dagf. 28.3.2025 14:09:57
Ástæða: Undirritun

BARRENT UNDIRRITAD
Ólafur Örn Haraldsson
KL 1407577649
Dagf. 28.3.2025 10:39:01
Ástæða: Undirritun
BARRENT UNDIRRITAD
Reynir Stefánsson
KL 1408722969
Dagf. 28.3.2025 10:47:05
Ástæða: Undirritun

BARRENT UNDIRRITAD
Kristín Þórðardóttir
KL 0111804509
Dagf. 28.3.2025 10:41:38
Ástæða: Undirritun
BARRENT UNDIRRITAD
Sigríður Kristínardóttir
KL 2104743239
Dagf. 28.3.2025 10:56:05
Ástæða: Undirritun

BARRENT UNDIRRITAD
Páll Þórðsson
KL 3105724039
Dagf. 28.3.2025 10:42:05
Ástæða: Undirritun
BARRENT UNDIRRITAD
Þjarni Þorvæður Ákason
KL 3012617219
Dagf. 28.3.2025 11:06:57
Ástæða: Undirritun

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra

Handknattleikssamband Íslands(HSI) hefur frá stofnun árið 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppna i handknattleik innan ÍSí. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 43,8 m.kr. Eigið fé félagsins var neikvætt um 65,6 m.kr. og heildareignir voru 66.7 m.kr. Stöðugildi á skrifstofu félagsins voru 6 i upphafi árs 2024 en 5 i lok árs 2024.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdarstjóra er ársreikningur félagsins i samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdarstjóra að ársreikningurinn gefi glöggva mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31.desember 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdarstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangri i rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Rekstur sambandsins hefur verið þungur undanfarin 2 ár og munar þar mestu um aukin kostnaðar vegna landsliðsmála en kostnaður hefur aukist mikið vegna aukinna verkefna og göðs árangurs. Einnig hefur töluverður kostnaður myndast vegna fjárfestinga i Handboltapassanum en horfur þar til framtíðar eru bjartar og verður hagnaður af verkefninu árið 2025 skv. áætlun.

Stjórn og framkvæmdarstjóri hafa i dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík 27.3.2025

Stjórn

Framkvæmdarstjóri

Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

Til stjórnar handknattleikssambands Íslands

Ég hef aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreikning Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framvæmdarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Handknattleikssambands Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræði við lög nr 3/2006 um ársreikninga. Ég hef fylgt settum siðareglum, þar með talið hvað varðar heillindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkæmi.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins. Ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórendum þess. Framsetning hans er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Mosfellsbær 27.3.2025

Hulduhólar ehf
Inga Lilja Lárusdóttir

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan sem er lagður er fram af stjórn félagsins og á hennar ábyrgð í samræmi við starfsskyldur hennar.

Við yfirferðina kom ekkert þar fram sem bendir til annars en reikningskilin séu í samræmi við reglur sem um starfsseminu gilda.

Reykjavík 27.3.2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra	1
Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2024	2023
Strykir ISI og Lottó.....	12	130.243	131.505
Strykir frá öðrum styrktaraðilum.....	13	143.492	140.288
Tekjur af landsliðum.....	14	44.627	46.207
Tekjur af mótahaldi.....	15	61.087	19.271
Aðrar tekjur.....	16	95.752	73.285
Rekstrartekjur		475.201	410.556
Kostnaður landsliða.....	17	-285.345	-321.725
Mótakostnaður.....	18	-121.946	-58.622
Laun og launatengd gjöld.....	19	-71.440	-75.966
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	20	-21.539	-23.273
Annar rekstrarkostnaður.....	21	-8.149	-16.414
Afskriftir.....	6,24	-5.750	-522
Rekstrarkostnaður		-514.169	-496.522
Hrein (rekstrargjöld) rekstrartekjur		-38.968	-85.966
Fjármunatekjur.....	22	449	1.626
Fjármagnsgjöld.....	23	-5.320	-1.245
Hreinar Fjármunatekjur		-4.871	381
(Tap) hagnaður ársins		-43.839	-85.585

Skýringar á bls 7-10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir.....	6,24	23.000	18.257
Fastafjármunir samtals		23.000	18.257
Viðskiptakröfur.....	8,25	22.186	54.683
Aðrar skammtimaskröfur.....	26	21.565	8.986
Handbært fé.....	9,27	43	1.579
Veltufjármunir samtals		43.794	65.248
Eignir samtals		66.794	83.505
Eigið fé og skuldir			
(ójafnað) óráðstafað eigið fé.....		-65.629	-21.790
Eigið fé samtals		-65.629	-21.790
Viðskiptaskuldir.....		96.531	55.646
Skuldir við lánastofnanir.....		16.791	14.825
Aðrar skammtimaskuldir.....	28	19.101	34.825
Skammtimaskuldir samtals		132.423	105.296
Eigið fé og skuldir samtals		66.794	83.505

Skýringar á bls 7-10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1.janúar 2024 til 31.desember 2024	Skýringar	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.janúar 2024.....		-21.790	-21.790
Tap ársins.....		-43.839	-43.839
Eigið fé 31.desember 2024		-65.629	-65.629

1.janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.janúar 2023.....		63.794	63.794
Tap ársins.....		-85.585	-85.585
Eigið fé 31.desember 2023		-21.790	-21.790

Skýringar á bls 7-10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2024	2023
(Tap) hagnaður ársins.....		-43.839	-85.585
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur.....		-588	529
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	24	5.750	522
		-38.677	-84.534
Rekstrartengdar eignir, breyting.....		-9.062	49.490
Rekstrartengdar skuldir, breyting.....		40.665	25.784
Handbært fé(til rekstrar) frá rekstri		-7.074	-9.260
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	24	-23.000	-18.779
Fjárfestingahreyfingar		-23.000	-18.779
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		1.966	14.825
Fjármögnunarhreyfingar		1.966	14.825
Handbært fé í upphafi árs.....		1.579	14.794
Breyting handbærs fjár.....		-1.536	-13.214
Handbært fé í árslok		43	1.579

Skýringar á bls 7-10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið
Handknattleikssamband Íslands, hér eftir nefnt félagið, eru íslensk félagasamtök með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þeirra er að Engjavegi 6, Reykjavík
Stjórn og framkvæmdarstjóri félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 28.03.2025.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.
3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.
4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvægi liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.
5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskum krónum á gengi ársloka 2024. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Gengi helstu gjaldmiðla þróast sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðill	Myntukóti	2024
Evra.....	EUR	149,310

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð og miðar afskriftarhlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetin við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir

HSÍ TV.....	20%
-------------	-----

7. **Virðisrýrnun**
 - a. **Almennt**
Árlega, eða oftár ef ástæða þykir til, er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Eign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um einn eða fleiri orðna atburði sem benda til þess að vænt framtíðar sjóðsstreymi eignarinnar sé lægra en áður var haldið.
 - b. **Útreikningur**
Virðisrýrnun eigna er mismunur á bókfærðu virði þeirra annars vegar og núvirði væntu framtíðarsjóðsstreymis hinsvegar. Útreikningar geta náð til einstakra eigna eða eignasamtæðu eftir aðstæðum.
 - c. **Bókun**
Virðisrýrnun er gjaldfærð í gegnum ársreikning.
 - d. **Viðsnúningur**
Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun er færð. Viðsnúningur virðisrýrnunar er færð í gegnum rekstrarreikning.
8. **Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim þörfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.
9. **Handbært fé**
Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.
10. **Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.
11. **Skattamál**
Félagið er ekki tekjuskattskyld en innheimtir virðisaukaskatt af veltu sem vellur undir skattskyldu virðisaukaskattlaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

Skýringar

Rekstrarreikningur

12.	Styrkir frá ÍSÍ og Lottó		
	Styrkir frá ÍSÍ og lottó sem hér segir		
		2024	2023
	Afrekssjóður.....	84.857	86.600
	Olympíusamhjálpin.....	4.584	5.198
	Útbreiðslustyrkur.....	5.146	5.215
	Aðrir styrkir.....	0	3.330
	Lottó.....	35.656	31.162
	Samtals	130.243	131.505
13.	Styrkir frá öðrum styrktaraðilum		
	Styrkir frá öðrum styrktaraðilum sem hér segir:	2024	2023
	Fastir styrkir.....	106.492	105.044
	Aðrir styrkir.....	37.000	35.243
	Samtals	143.492	140.288
14.	Tekjur af landsliðum		
	Tekjur af landsliðum sem hér segir:	2024	2023
	Auglýsingatekjur.....	20.641	14.333
	Aðgangseyrir.....	14.701	14.358
	Veitingasala.....	1.567	1.660
	Sala búninga.....	7.718	15.856
	Samtals	44.627	46.207
15.	Tekjur af mótahaldi		
	Tekjur af mótahaldi sem hér segir:	2024	2023
	Mótagjöld.....	21.935	14.590
	HSÍ TV.....	36.047	1.474
	Sektir.....	3.105	3.208
	Samtals	61.087	19.271
16.	Aðrar tekjur		
	Aðrar tekjur sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
	Námskeið.....	140	2.384
	Ferðastyrkir.....	42.830	26.343
	Endunukkaður ferðakostnaður yngri landsliða.....	37.758	33.366
	Félagaskipti á milli landa.....	13.248	8.153
	Félagaskipti innanlands.....	1.776	1.560
	Annað.....	0	1.479
	Samtals	95.752	73.285

17. Kostnaður landsliða

Kostnaður landsliða sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Þjálfunarkostnaður.....	63.694	60.142
Þáttökugjöld og uppihald.....	37.578	51.753
Flug.....	54.967	63.123
Gisting.....	41.361	23.511
Bilaleigubílar og akstur.....	13.435	9.856
Dagpeningar.....	12.378	11.995
Annar ferðakostnaður.....	4.518	3.444
Gisting og uppihald mótherja.....	15.767	18.525
Dómarar á landsleikjum.....	2.574	3.339
Annar kostnaður vegna landsleikja.....	12.280	20.640
Húsaleiga.....	8.355	5.998
Búningar.....	11.947	23.652
Sjúkrakostnaður.....	1.853	1.760
Tryggingar.....	306	633
Annað.....	4.332	7.515
Samtals	285.345	321.725

Í lok árs gjaldfærði EHF kröfu frá ungverska handknattleiksambandinu að fjárhæð 10. milljónir króna vegna covid prófa sem gerð voru í lokamóti EHF í Budapest 2022. HSI hefur ávallt mótmælt réttmæti kröfunnar og hafnað greiðslu. Ekki er að fullu leyst úr þessum ágreiningi en EHF hefur unnið að lausn málsins. Við gjaldfærðum helming kröfunnar og vonast er til að málið leysist á árinu 2025 og því rétt að geta þessarar kröfu í ársreikningnum.

18. Mótakostnaður

Mótakostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Dómgæsla og eftirlit.....	16.026	13.627
HSI TV.....	71.658	17.455
Annar kostnaður vegna mótahalds.....	34.262	27.540
Samtals	121.946	58.622

19. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Laun.....	52.122	59.657
Bírfreiðastyrkur.....	2.363	2.768
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	9.351	8.054
Tryggingargjald.....	5.361	4.503
Önnur launatengd gjöld.....	2.243	984
Samtals	71.440	75.966

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	4,5	6,5
Stöðugildi í árslok	5	6

20.	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:		
		2024	2023
	Húsaleiga vegna skrifstofu.....	4.666	4.242
	Aðkeypt sérfræðipjónuta.....	336	305
	Rekstur tölvukerfis.....	4.439	4.771
	Sími og netkostnaður.....	1.283	1.248
	Ferðakostnaður.....	2.075	3.526
	Pappír, prentun og ritföng.....	91	154
	Bækur, blöð og áskriftir.....	96	123
	Starfsannakostnaður.....	4.539	4.566
	Markaðskostnaður.....	3.751	3.504
	Gjafir og blóm.....	223	278
	Tryggingar.....	96	98
	Annað.....	79	458
	Samtals	21.674	23.273
21.	Annar rekstrarkostnaður		
	Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:		
		2024	2023
	Fræðslu og nefndarkostnaður.....	3.942	5.214
	Hæfileikamótun - Handboltaskóli.....	998	1.146
	Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja.....	710	541
	Kaup á búningum.....	2.499	7.268
	Annað.....	0	2.245
	Samtals	8.149	16.414
22.	Fjármunatekjur		
	Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:		
		2024	2023
	Vaxtatekjur.....	449	1.626
	Samtals	449	1.626
23.	Fjármagnsgjöld		
	Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:		
		2024	2023
	Vaxtagjöld.....	5.840	365
	Fjármagnstekjuskattur.....	68	351
	Gengismunur.....	-588	529
	Samtals	5.320	1.245

Skýringar

Efnahagsreikningur

24.	Rekstrarfjármunir		
	Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:	31.12.2024	31.12.2023
	HSÍ TV		
	Bókfært virði í upphafi tímabilsins.....	18.257	0
	Keypt.....	10.493	18.779
	Afskriftir.....	-5.750	-522
	Bókfært virði í lok tímabilsins	23.000	18.257
25.	Viðskiptakröfur		
	viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
	Viðskiptakröfur.....	22.321	54.818
	Varúðarmiðurfærsla.....	-135	-135
	Samtals	22.186	54.683
	Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.		
26.	Aðrar skammtímakröfur		
	Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
	Virðisaukaskattur.....	0	2.353
	Fyrirframgreiddur kostnaður.....	21.565	6.267
	Kortafyrirtæki.....	0	366
	Samtals	21.565	8.986
27.	Handbært fé		
	Handbært fé sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
	Bankainnistæður í íslenskum krónum.....	23	1.574
	Bankainnistæður í erlendum myntum.....	20	5
	Samtals	43	1.579
28.	Aðrar skammtímaskuldir		
	Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
	Virðisaukaskattur.....	2.220	0
	Ogreidd laun og launatengd gjöld.....	2.051	3.798
	Dómarakostnaður - Vörslufé.....	4.456	4.722
	Ferðajöfnunarsjóður.....	6.020	5.230
	Fyrirfram innheimtar tekjur.....	4.354	21.075
	Samtals	19.101	34.825

68. ÁRSPING HSÍ



Fjárhagsáætlun 2025
Þingskjal 3



Fjárhagsáætlun vegna ársins 2025

	Skýr.	2025 Áætlun	2024 Rauntölur	2024 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Styrkir frá ÍSí og Lottó	1	169.320.413	130.243.000	120.687.000
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	2	160.000.000	143.492.000	165.000.000
Tekjur af landsliðum	3	31.000.000	44.627.000	30.000.000
Tekjur af mótahaldi	4	94.000.000	61.087.000	64.500.000
Aðrar tekjur	5	81.000.000	95.752.000	84.000.000
Rekstrartekjur alls		535.320.413	475.201.000	464.187.000
REKSTRARGJÖLD				
Kostnaður landsliða	6	271.000.000	285.345.000	263.000.000
Mótakostnaður	7	108.500.000	121.946.000	82.000.000
Laun og launatengd gjöld	8	91.600.000	71.440.000	79.200.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	23.450.000	21.539.000	19.200.000
Annar rekstrarkostnaður	10	7.500.000	8.149.000	8.100.000
Afskriftir	12	6.000.000	5.750.000	7.800.000
Rekstrargjöld samtals		508.050.000	514.169.000	459.300.000
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		27.270.413	-38.968.000	4.887.000
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	11	0	449.000	0
Vaxtagjöld	11	-4.500.000	-5.840.000	-3.000.000
Fjármagnstekuskattur	11	0	-68.000	0
Gengismunur	11	0	588.000	0
		-4.500.000	-4.871.000	-3.000.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		22.770.413	-43.839.000	1.887.000



Skýringar með fjárhagsáætlun

	2025 Áætlun	2024 Rauntölur	2024 Áætlun
1 Styrkur frá ÍSÍ og Lottó			
ÍSÍ afreksmannasjóður	126.820.413	84.857.000	84.857.000
ÍSÍ Ólympíufjölskyldan	2.000.000	4.584.000	1.000.000
ÍSÍ útbreiðslustyrkur	5.500.000	5.146.000	3.500.000
ÍSÍ aðrir styrkir	0	0	3.330.000
ÍSÍ Lottó	35.000.000	35.656.000	28.000.000
Framlög og styrkir alls	169.320.413	130.243.000	120.687.000
2 Aðrir styrkaraðilar			
Fastir styrkir	125.000.000	106.492.000	130.000.000
Aðrir styrkir	35.000.000	37.000.000	35.000.000
Aðrir styrktaraðilar alls	160.000.000	143.492.000	165.000.000
3 Tekjur af landsliðum			
Auglýsingar	15.000.000	20.641.000	15.000.000
Aðgangseyrir	12.000.000	14.701.000	7.000.000
Sjoppa landsleikir	1.000.000	1.567.000	1.000.000
Sala búninga	3.000.000	7.718.000	7.000.000
Tekjur af landsliðum alls	31.000.000	44.627.000	30.000.000
4 Tekjur af mótahaldi			
Mótagjöld	21.000.000	21.935.000	18.000.000
HSÍ TV	70.000.000	36.047.000	43.000.000
Sektir	3.000.000	3.105.000	3.500.000
Tekjur af mótahaldi alls	94.000.000	61.087.000	64.500.000
5 Aðrar tekjur			
Námskeið	4.000.000	140.000	2.000.000
Ferðastyrkir	30.000.000	42.830.000	30.000.000
Endurrukkaður ferðakostnaður yngri landslið	35.000.000	37.758.000	40.000.000
Félagaskipti milli landa	10.000.000	13.248.000	10.000.000
Félagaskipti innanlands	2.000.000	1.776.000	2.000.000
Annað	0	0	0
Aðrar tekjur alls	81.000.000	95.752.000	84.000.000
6 Kostnaður landsliða			
Verktakagreiðslur til þjálfara	65.000.000	63.694.000	50.000.000
Þátttökugjöld og uppihald	35.000.000	37.578.000	50.000.000
Flug	55.000.000	54.967.000	55.000.000
Gisting	45.000.000	41.361.000	20.000.000
Bílaleigubílar og akstur	13.500.000	13.435.000	7.500.000
Dagpeningar	12.500.000	12.378.000	12.000.000
Annar ferðakostnaður	4.000.000	4.518.000	3.000.000
Gisting og uppihald mótherja	13.500.000	15.767.000	14.000.000
Dómarar á landsleikjum	2.500.000	2.574.000	3.000.000
Annar kostnaður vegna landsleikja	10.000.000	12.280.000	15.000.000
Húsaleiga	7.000.000	8.355.000	5.000.000
Búningar	500.000	11.947.000	5.000.000
Sjúkrakostnaður og harpix	2.000.000	1.853.000	17.000.000
Tryggingar	500.000	306.000	500.000
Annað	5.000.000	4.332.000	6.000.000
Kostnaður landsliða alls	271.000.000	285.345.000	263.000.000



7 Mótakostnaður

Dómgæsla og eftirlit	17.000.000	16.026.000	14.000.000
HSÍ TV	56.500.000	71.658.000	40.000.000
Annar kostnaður vegna mótahalds	35.000.000	34.262.000	28.000.000
Mótakostnaður alls	108.500.000	121.946.000	82.000.000

8 Laun og launatengd gjöld

Laun starfsmanna	69.500.000	52.122.000	62.000.000
Bifreiðastyrkur	2.500.000	2.363.000	2.900.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	11.000.000	9.351.000	8.300.000
Tryggingagjald	6.100.000	5.361.000	4.800.000
Önnur launatengd gjöld	2.500.000	2.243.000	1.200.000
Laun og launatengd gjöld alls	91.600.000	71.440.000	79.200.000

9 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Húsaleiga vegna skrifstofu	5.000.000	4.666.000	4.500.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	400.000	336.000	400.000
Rekstur tölvukerfa	5.000.000	4.304.000	5.000.000
Sími og netkostnaður	1.400.000	1.283.000	1.300.000
Ferðakostnaður	2.500.000	2.075.000	3.000.000
Pappír prentum og ritföng	100.000	91.000	250.000
Bækur, blöð og áskriftir	100.000	96.000	150.000
Starfsmannakostnaður	4.500.000	4.539.000	4.000.000
Áhöld og tæki	0	0	0
Markaðskostnaður	4.000.000	3.751.000	0
Gjafir og blóm	250.000	223.000	250.000
Tryggingar	100.000	96.000	100.000
Annar skrifstofukostnaður	100.000	79.000	250.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	23.450.000	21.539.000	19.200.000

10 Annar rekstrarkostnaður

Fræðslu- og nefndarkostnaður	5.000.000	3.942.000	5.000.000
Hæfileikamótun / Handboltaskóli	1.500.000	998.000	1.500.000
Pjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	1.000.000	710.000	1.000.000
Kaup á búningum	0	2.499.000	0
Sjoppa	0	0	100.000
Annað	0	0	500.000
Annar rekstrarkostnaður alls	7.500.000	8.149.000	8.100.000

11 Vaxtagjöld og vaxtatekur

Vaxtatekjur	0	449.000	0
Vaxtagjöld	-4.500.000	-5.840.000	-3.000.000
Fjármagnstekuskattur	0	-68.000	0
Gengismunur	0	588.000	0
Vaxtagjöld og vaxtatekur alls	-4.500.000	-4.871.000	-3.000.000

12 Afskriftir

Afskriftir	6.000.000	5.750.000	7.800.000
Afskriftir alls	6.000.000	5.750.000	7.800.000



68. ÁRSPING HSÍ



**Tillaga stjórnar HSÍ
um þáttökugjöld**



Þátttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélög HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ. Gjaldþagi skal vera 5.september ár hvert.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og uppihaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

HSÍ gerir upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ skv. nánara samkomulagi við þátttökulið.

Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2025-2026

Úrvalsdeild	kr. 550 0.000,-
1.deild	kr. 27550 .000,-
2.deild	kr. 17550 .000,-
Utandeild	kr. 50.000,-
Mfl. B-lið	kr. 50.000,-
2. fl	kr. 2035 .000,- <u>per lotu</u>
3.fl	kr. 2035 .000,- <u>per lotu</u>
4.fl	kr. 2035 .000,- <u>per lotu</u>
Bikar keppni m.fl	kr. 350 .000,- Per lið per umferð fram að 4 liða úrslitum
Bikarkeppni m.fl	kr. 6050 .000,- Per lið per umferð frá og með 4 liða úrslitum
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 100.000,-
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 150 .000,-
Gjald vegna skráningar venslafélaga	kr. 550 .000,- Per félag
Félagaskiptagjöld innanlands	kr. 2015 .000,-
Félagaskiptagjöld erlendis	kr. 50.000,-
Breytingargjald á leikjum	kr. 503500 ,-

68. ÁRSPING HSÍ



**Tillögur til breytinga
á lögum HSÍ**



68. ársþing HSÍ haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 4

Breytingar á lögum HSÍ:

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarféлага

Öll aðildarfélög HSÍ hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum HSÍ.

Allur handknattleikur skal fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og ÍSÍ og alþjóðlegum, (IHF), leikreglum sem samþykktar hafa verið af HSÍ og ber aðildarfélögum skylda til þess að virða þær reglur.

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarmenn og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HSÍ, IHF og EHF.

Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar HSÍ, nefnda HSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Héraðssamböndin og íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög skulu senda stjórn HSÍ skýrslu um öll handknattleiksmót sem þau halda og ársskýrslur sínar sé þess óskað.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög HSÍ, leikmenn, og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að vinna gegn hvers kyns óeðlilegum afskiptum, ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum, sem falla undir lög þessi og taka þátt í handknattleiksleikjum á vegum HSÍ, er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinningAðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir óeðlilega þátttöku sinna félagsmanna í veðmálastarfsemi.

Greinargerð

Verið að bæta ákvæði um veðmálastarfssemi þar sem fyrra ákvæði var óljóst.



68. ársþing HSÍ haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 5

Breytingar á lögum HSÍ:

Flutningsadili: Laganefnd HSÍ

11. gr. Dagskrá

Störf handknattleikspings eru:

1. Þingsetning
2. kosning þingforseta og varaþingforseta
3. staðfesting lögmætis þingsins í samræmi við lög
4. kosning þingritara og varaþingritara
5. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd
6. þinggerð síðasta árs lögð fram
7. ávörp gesta
8. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt
9. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins
10. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
11. gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ
12. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
13. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talið þátttökugjöld, fyrir næsta starfsár
14. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
15. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar
16. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
17. önnur mál
18. kosning stjórnar
19. kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara
20. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
21. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
1. ~~kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ~~
22. þingslit

Greinargerð

Felld hefur verið niður krafa frá ÍSÍ um að fulltrúar séu kjörnir á ársþingum sérsambanda og því ekki lengur þörf að ársþing kjósi þessa fulltrúa.



68. ársþing HSÍ haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 6

Breytingar á lögum HSÍ:

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

20. gr. Aganefnd

Aganefnd HSÍ skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSÍ og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila sem félagið hefur bent HSÍ á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta ~~tímabundnu banni~~ banni sem nær yfir ákveðið tímabil eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000 eða ef úrskurður felur í sér endurtekt á leik eða breytingum á úrslitum leikja. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynntur úrskurður aganefndar.

Greinargerð

Verið að laga orðalag þar sem heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóls nær ekki yfir leikbönn sem eru stakir leikir.



68. ársþing HSI haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Bingskjal nr: 7

Breytingar á lögum HSI:

Flutningsadili: Laganefnd HSI

30. gr. Meðalganga og upplýsingagjöf.

Aðila sem hefur kærurétt samkvæmt 2933. grein er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

33. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSI ásamt kvittun fyrir greiðslu þingfestingargjalds. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 351. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 3632. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 3632. greinar skal hann eins fljótt og hægt er, þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá þingfestingu, ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.

Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða/varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 sólarhringar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 3632. grein eftir því sem við getur átt.

Greinargerð

Verið að laga rangar tilvísanir



68. ársþing HSÍ haldið á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 8

Breytingar á lögum HSÍ:

Flutningsadili: Laganefnd HSÍ

41. gr. Dómsniðurstöður.

Dómsstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
2. ákveðið hver ber kostnað af framkvæmd leiks ef það ber að endurtaka þá
3. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum sem renna til HSÍ
4. ákveðið sektir á aðildarfélög sem renna til HSÍ
5. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómsstólar HSÍ geta beitt eru:

1. áminning
2. vítur
3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

~~Niðurstöður dómsstóla HSÍ sem fela í sér óhlutgengisúrskurð skal skotið til dómstóls ÍSÍ í samræmi við 38. gr. laga ÍSÍ.~~

Greinargerð

Óþarft er að veita heimild til að skjóta úrskurði til dómstóls ÍSÍ þar sem HSÍ er með sinn dómstól og áfrýjunardómstól og gera lög ÍSÍ ekki kröfu um það.



Handknattleikssamband Íslands
Icelandic Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049



68. ársþing HÍÍ haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 9

Breytingar á lögum HÍÍ:

Flutningsadili: Laganefnd HÍÍ

43. gr. Lyfjaeftirlit.

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt [Lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.lögum ÍÍÍ um lyfjamál.](#)

Greinargerð

Ekki eru lengur til lög ÍÍÍ um lyfjamál



68. ársþing HSÍ haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 10

Breytingar á lögum HSÍ:

Flutningsadili: Laganefnd HSÍ

IX. kafli Mótafyrirkomulag

47. gr. Handknattleiksmót

C. Umspil 1.deildar

a. 8-liða-úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

a. 10-12 liða-úrvalsdeild

~~Lið 2 í 1.deild mætir liði 3 í 1. deild.~~

~~Lið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.~~

~~Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.~~

~~Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.~~

~~Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.~~

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1.deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Umspil 8 liða deild og 10-12 liða úrvalsdeild er það sama og því um tvítalningu að ræða.

68. ÁRSPING HSÍ



Afreksstefna HSI
Dingskjal 11



Afreksstefna HSÍ

Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki.

Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af afreksstjóra HSÍ undir handleiðslu stjórnar HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteyminum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.



Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum.

Almenn þátttaka

Töluverð fjölgun hefur verið á fjölda iðkenda á undanförunum árum og má þar helst þakka góðu starfi innan aðildarsambanda HSÍ en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Markviss vinna er í gangi við að efla kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari. Jafnframt er unnið markvisst við að sporna við brottfalli með séræfingum og verkefnum undir handleiðslu HSÍ. Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldinn fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögum. Félögin geta pantað dómaranámskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómarapör í fremstu röð á alþjóðavísu og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).



Stefna HSÍ er að eiga ávallt alþjóðlega dómarapör ásamt því að vera með yngri dómara í þjálfun hjá EHF. Alþjóðadómarapörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómaranefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.

Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglinga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Almennur hluti þjálfaramenntunar er tekinn hjá ÍSÍ en sérhæfði hlutinn hjá HSÍ. Fyrirkomulag þjálfaranámskeiðanna er fjarnám.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglingalandsliðsþjálfara.

Hæfileikamótun HSÍ er fyrir 14 ára stelpur og stráka og æfa 5 helgar saman yfir hvert tímabil. Aðildarfélögum er styrkleikaraðað miðað við árangur árinu á undan og út frá því fá aðildarfélög að vita hversu marga leikmenn það fær að senda til æfinga, mest 5 en minnst 2 leikmenn. Markmið Hæfileikamótunar HSÍ er fyrst og fremst að fylgjast með yngri leikmönnum félagana og fjölga þeim iðkendum sem fylgst er með á landsvísu, veita þeim aðhald og undirbúning fyrir komandi landsliðsval og landsliðsverkefni.

Hæfileikamótun er einnig mikilvægur vettvangur fyrir krakkana til að æfa saman á hæsta getustigi þessa aldursflokks en um leið búa til og byggja upp þéttan hóp iðkenda sem skipa munu yngri landslið HSÍ á komandi árum. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir



á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti. *U-14/15 ára landslið*, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnst því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

U-16/17 ára landslið, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

U-18/19 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

U-20/21 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi.

A & B landslið

A-landslið, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið. Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtímamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikjum. Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

B-landslið æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.



Þjálfarar landsliða

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Verkefnastjórar á vegum HSÍ sem þjálfar í sérverkefnum, í handboltaskóla HSÍ eða á Hæfileikamótun HSÍ skulu hafa lokið 2 stigi þjálfaramenntunar. Unglingalandsliðsþjálfarar yngri landsliða Íslands skulu hafa lokið Master Coach þjálfaragráðunni. Þjálfarar A landsliða skulu hafa Master Coach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfilíkaríkir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

Yfirþjálfari yngri landsliða stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

Markmannsþjálfari fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

Styrkþjálfari sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

Leikgreiningar eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðs-þjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánu samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmiskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

Sjúkraþjálfarar fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.



Sjúkranuddari ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

Læknar ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar.

Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

Næringarfræðingur er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

Andleg þjálfun, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmiskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

Mælingar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í hæfileikamótun HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.

Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjóðarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins. Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framganga landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk.



Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpssamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Í framtíðinni er vonast til að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða enn frekar í keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar. Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast. Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir. Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afreksstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.